



Fréttabréf Naustaskóla

11. tölublað, 6. árgangur, 1. desember 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Matsmöppur heim

Nú í fyrstu viku desember sendum við heim matsmökkun og biðjum foreldra um að líta yfir þær með krökkunum og nota tækifærið til að ræða saman um námið og starfið í skólanum. Jafnframt bendum við á að á mentor.is má finna upplýsingar um stöðu nemenda í náminu undir "námsmarkmið" og í verkefnabókum. Afar mikilvægt er að möppurnar skili sér til baka í skólann sem allra fyrst að skoðun lokinni!

Um skömmtun

Við erum þessa dagana að brýna það fyrir nemendum að betra sé að fá minna á diskinn í mötuneytinu og fara aftur ef það reynist ekki nóg, en að taka of mikið og þurfa að leyfa. Ástæðan er sú að okkur finnst of miklu hent af mat hjá okkur en þar er um að ræða soun sem kemur fram sem beinn kostnaður, fyrir nú utan umhverfisáhrifin! Við óskum eftir skilningi hjá nemendum og foreldrum vegna þessa.

Frístund milli jóla og nýárs

Nú eru aðeins tveir virkir dagar milli jóla og nýárs. Þeir foreldrar sem óska eftir að nýta sér þjónustu Frístundar þessa daga (föstudaginn 27. og/eða mánudaginn 30. desember) eru beðnir um að senda Hrafnhildi forstöðumanni tölvupóst fyrir 15. desember. Netfangið er hrafnhildurst@akmennt.is

Kæra skólasamfélag

Nóvember hefur nú runnið sitt skeið en þar bar að sjálfsögðu hæst árs hátíðina okkar sem tókst stórvel og við erum afar stolt af. Við færum foreldrum kærar þakkir fyrir góðan stuðning við árs hátíðina, bæði hvað varðar góða mætingu sem og kraft og dugnað við bakstur en þar er um að ræða ómetanlegan stuðning við fjáröflunarstarf 10. bekkjar vegna útskriftarferðar þeirra. Desembermánuður er nú runninn upp og setur jólaundirbúningur að venju sitt mark á þennan árstíma. Við erum ekki ósnortin af því hér í skólanum en reynum samt sem áður að halda að mestu venjubundinni rútínu. Við brjótum þó upp hversdaginn með umhyggju- og samvinnuþemadögum sem verða hjá okkur mánudaginn 9. og þriðjudaginn 10. desember. Þá geta nemendur valið sér ýmis viðfangsefni sem mörg bera nokkurn svip af jólum þó ekki sé það algilt. Við endum svo á hefðbundnum litlujólum föstudaginn 20. desember og að þeim loknum fara nemendur í jólafrí. Með ósk um góða og notalega aðventu og síðan gleðilega hátíð okkur öllum til handa!

Ágúst Jakobsson, skólástjóri

Furðuverk 2013

Hönnunarkeppni félagsmiðstöðva á Akureyri, Furðuverk 2013, var haldin á Glerártorgi laugardaginn 2. nóvember, en í keppninni er keppt um hárgreiðslu, förðun og flottustu hönnunina hvað varðar fatnað. Tveir hópar úr Naustaskóla tóku þátt í keppninni með hreint frábærum árangri. Þær Dagný, Marín og Katrín fengu verðlaun fyrir flottustu hárgreiðsluna. Eva, Hulda, Monika og Júlía fengu síðan verðlaun fyrir flottustu hönnunina, eggjakjólinn góða. Þetta er frábær árgangur hjá stelpunum og við óskum þeim hjartanlega til hamingju!



Hér til hliðar má sjá glaðlega unglinga í orðavinnu á þriðjudegi... Þarna er unnið í málfræði með orðflokkanum og útbúnað svokallaðar krossglímur, þá er raðað saman ýmsum orðum sem tengjast viðfangsefninu eins og um væri að ræða eins konar krossgátu, en þessi vinna er til þess fallin að ýta undir hugtakaskilning og festa í minni það sem fjallað er um..

Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða föstudaginn 20. desember. Að þeim loknum fara nemendur í jólafrí.

Á litlu jólunum mæta allir nemendur kl. 9:00 og skóladeginum lýkur um kl. 11:00.

Frístund verður opin á litlujólalaginn kl. 7:45-16:15.

Kennsla að loknu jólafrí hefst skv. stundaskrá mánudaginn 6. janúar.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	2 Indverskur fiskréttur, hrísgrjón og gúrka	3 Slátur, kartöflur, rófur og jafningur Opíð hús 5-7 b kl. 16:30-18:00 Opíð hús 8-10b	4 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	5 Grænmetislasagna, brún hrísgrjón og salat	6 Hrísgrjónagrautur og slátur	7
8	9 Kjötþúðingur, grænar baunir, kartöflur og brún sósa <u>þemadagur, skóla</u> <u>lýkur 13:00</u>	10 Fiskur Björkeby, kartöflur og sósa <u>þemadagur, skóla</u> <u>lýkur 13:00</u> Opíð hús 8-10b	11 Kjöt og karrý Jólahúfudagur	12 Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat	13 Kartöflumauksúpa með beikoni og heimabakað brauð	14
15	16 Fiskibollur, kartöflur, salat og heit tómatsósa	17 Spínatbuff, brún hrís- grjón, paprika og köld súrmjólkursósa Opíð hús 8-10b	18 Jólamatur með öllu tilheyrandi	19 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur/gulrætur og tómátfeiti	20 Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, Frístund opin frá 7:45) (Gúllas og hrísgrjón)	21
22	23 Frí en Frístund opin (Spaghettifiskur og salat)	24 Aðfangadagur	25 Jóladagur	26 Annar í jólum	27 Frí en Frístund opin (Makkarónusúpa, brauð og álegg)	28
29	30 Frí en Frístund opin (Hakkréttur, hrísgrjón og salat)	31 Gamlársdagur	1. janúar Nýársdagur	2 Frí en Frístund opin (Tómatkarrýfiskur, kartöflur og paprika)	3 Starfsdagur - Frístund opin fyrir hádegi - lokuð frá kl. 12:15 (Aspassúpa, brauð og smjör)	4

Muna: Litlu jólin eru 20. des, jólafrí hefst að þeim loknum (Ath. tímasetningar litlu jóla á forsíðu)
Foreldrar sem óska eftir þjónustu frístundar milli jóla og nýárs þurfa að skrá börn sín (sjá forsíðu)
Kennsla að loknu jólaeyfi hefst skv. stundaskrá mánudaginn 6. janúar.